

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

263. FUNDUR.

263. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 10. desember 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir oddviti, Elín Jóna Rósinberg varaoddviti, Elín R. Líndal aðalmaður, Ingimar Sigurðsson aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir aðalmaður, Magnús Eðvaldsson varamaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri
Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

1. Fundargerð byggðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 890. fundar frá 3. desember sl. Fundargerð í 7 liðum.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 166. fundar frá 2. desember sl. Fundargerð í einum lið.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 260. fundar frá 3. desember sl. Fundargerð í 7 liðum.

Fram lögð eftirfarandi bókun vegna 1. dagskrárliðar. „Sveitarstjórn fagnar því að vinna við deiliskipulag Borgarvirkis sé hafin, mikilvægt er að gildandi aðalskipulag sé haft til hliðsjónar og að deiliskipulagið sé unnið í samráði og með samþykki landeigenda“

1. dagskrárliður fundargerðarinnar borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

2. dagskrárliður fundargerðarinnar borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

3. dagskrárliður fundargerðarinnar borinn undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum.

Ingimar Sigurðsson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð landbúnaðarráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 136. fundar frá 2. desember sl. Fundargerð í 4 liðum. Fram lögð eftirfarandi bókun vegna 1. dagskrárliðar. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir áhyggjum sínum af öryggi vegfarenda vegna þeirra takmörkuðu fjármuna sem Vegagerðin fær til viðhalds girðinga meðfram þjóðvegi 1 til að takmarka lausagöngu búfjár, sem og til nýframkvæmda girðinga og ristarhliða. Um leið bendir sveitarstjórn á að þeir takmörkuðu fjármunir, eða 15 milljónir króna, sem ætlaðir eru til nýgirðinga og ristarhliða nægja varla til framkvæmda innan hvers sveitarfélags hvað þá fyrir allt norðvestursvæði Vegagerðarinnar, frá og með Húnaþingi vestra og til og með Langanesbyggð í austri. Sveitarstjórn beinir því til

innanríkisráðuneytisins að endurskoða það fjármagn sem veitt er í málaflokkinn þegar í stað”. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Viðauki 7 við fjárhagsáætlun ársins 2015

Sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram eftirfarandi tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2015.

0589 Styrkur til Hollvinasamtaka Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga til kaupa á ómtæki kr. 1.000.000. Kostnaði verði mætt með lækkun á handbæru fé. Viðaukinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

6. Skýrsla sveitarstjóra

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.15:42

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Elín R. Líndal

Valdimar Gunnlaugsson.

Magnús Eðvaldsson

Guðrún Ragnarsdóttir
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri